

**Sp.**

### **3. Tillaga til þingsályktunar**

um útvarpsfréttir.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að útvarpið flytji engar þær fréttir, hvorki í frásögn né auglýsingum, er á nokkurn hátt megi gefa upplýsingar um innflutning, útflutning, viðskiptaveltu eða aðra afkomu þjóðarinnar, á meðan á ófriðnum stendur.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Þáttill. þessi var flutt á síðasta þingi, en dagaði uppi ásamt mörgum öðrum málum. Fjöldi sjómanna hefur látið í ljós þá skoðun við mig, að þeir harmi það mjög, að mál þetta skyldi ekki ná fram að ganga, og vænta þess, að ekki sé dregið lengur að gera þessar varúðarráðstafanir, sem vel mega fyrirbyggja ómetanlegt tjón á mannlífum og verðmætum. Að öðru leyti vísast til greinargerðar á þingskj. 115 frá síðasta þingi.